

Ráðstefna Kennsluakademíu opinberu háskólanna

*Safnabragur: Þróun kennslubókar fyrir háskólakennslu í samstarfi við starfsvettvang.*

Guðrún Dröfn Whitehead, lektor í safnafræði

*Söfn sem námsvettangur* er námskeið kennt af safnafræði við Háskóla Íslands og er vinsælt meðal nemanda á flestum sviðum Háskóla Íslands, einkum þó menntavísindasviði, enda eru söfn kjörinn vettvangur fyrir fræðslu. Á söfnum fá gestir þjálfun í skapandi og gagnrýnni hugsun, og skólabörn fá annarskonar nálgun á því sem þau læra í skólastofu. Ef söfn ætla að vera fróðleg og hagnýt viðbót við formlegt skólanám, er mikilvægt að efla samstarfið milli skóla og safna. Það er einmitt eitt af markmiðum námskeiðsins.

Fram til þessa hefur þessi takmarki verið náð með fyrirlestrum, gestafyrirlestrum, vettvangsferðum og verkefnavinnu. Hér má einkum nefna hópverkefni þar sem nemendur þróa fræðsluverkefni fyrir Listasafn Einars Jónssonar, í samstarfi við kennara og sérfræðinga á safninu. Í lok misseris halda nemendur fræðsluviðburð sinn og fá endurgjöf samnemenda og sérfræðinga. Þannig er reynt að stuðla að gagnrýnni hugsun nemenda við þróun fræðsluefnis og að sýna fram á mikilvægi öflugs samstarfs innan og utan safna. Það er því ljóst að þetta námskeið treystir á sérþekkingu fólks starfandi á vettvangi, enda mikilvægt að nemendur fá hagnýta reynslu af safnfræðslu, til viðbótar við fræðilegar kenningar.

Um þessar mundir er verið að taka mikilvægt næsta skref í þróun þessa námskeiðs: Þróun handbókar um safnfræðslu, *Safnabragur*. Verkefnið er unnið í samstarfi við safnkennara höfuðsafnanna, og byggir á faglegri þekkingu og reynslu safnafólks í landinu. Í sumar hlaust styrkur úr Nýsköpunarsjóði Námsmanna og unnu tveir fyrrum nemendur úr námskeiðinu að gagnaöflun, nánar tiltekið spurningakönnun, senda á öll söfn, setur og sýningar í landinu. Í þessari könnun var unnin þarfagreining, sem mun hafa mótandi áhrif á þróun handbókarinnar.

Í þessum fyrirlestri verður handbókin rædd með tilliti til þess að undirbúa nemendur á hagnýtan hátt undir kennslustörf, hvort sem það fer fram í skólastofu eða á safni. Mikilvægi þess að starfa með sérfræðingum starfandi á vettvangi verður hugleidd, sem og áskoranir sem fylgja slíku samstarfi. Hlutverk nemenda verður einnig rætt, með tilliti til valdeflandi verkefnavinnu sem gefur þeim færi á að hafa raunveruleg mótandi áhrif á námið sitt í framtíðinni.